

**Nd.**

**638. Nefndarátt**

um frumvarp til merkjalaga.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Jafnvel þótt okkur sje kunnugt, að nokkur ágreiningur og vafi sje á um merki jarða i milli víðs vegar á landinu, og nauðsyn muni bera til, að sá ágreiningur geti útkljáðst, helst sem fyrst, þá höfum við þó ekki getað fallist á þá leið i þessu máli, er frumvarpið (á þingskjali 162) mælir fyrir, eða breytingartillögur meiri hluta samnefndarmanna okkar.

Það, sem okkur virðist einna fráleitast i þessum málsskjöllum, er það ákvæði, sem mælir svo fyrir, að öll landamerki skuli af nýju gerð með landamerkjaskrá, hvort sem ágreiningur er um merki eða eigi, og það þótt merkjaskrár sjeu innfærðar i landamerkjabók sýslunnar með undirskrifuðum nöfnum allra aðilja.

Að fara að taka upp slíkar landamerkjagerðir, að öllu formlegar og þinglýstar, virðist okkur svo umfangsmikið verk og óþarft, að ekki geti komið til mála öll sú skriffinska og fyrirhöfn, enda mundi slíkur óþarfi mælast allmisjafnlega fyrir.

Að fá útkljáð um þau landamerki, sem enn eru óviss og þrætur eru um, er að visu æskilegt, og höfum við drög til þannig lagaðra ákvæða, en hefir ekki unnist tími til að ganga svo frá því máli, að okkur þyki tiltækilegt að bera það fram i frumvarpsformi. Tillaga okkar er því, að háttv. deild felli frumvarpið.

Alþingi, 25. ágúst 1917.

Stefán Stefánsson,  
framsögumaður.

Einar Árnason.